

AUGLÝSING

um deiliskipulag athafnasvæðis við Vogavík, Sveitarfélaginu Vogum.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 25. mars 2015 deiliskipulag athafnasvæðis við Vogavík. Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast af lóðamörkum lóða Stofnfisks innan athafnasvæðis A-3 og nær það út í sjó. Í deiliskipulaginu er skilgreindur byggingarreitur fyrir skrifstofubyggingu og rannsóknastofu norðan við aðkomuveg að lóðinni og byggingarreitir fyrir byggingar tengdar stækkun fiskeldisins svo sem eldishús beggja vegna við veginn. Bílastæði eru afmörkuð í tengslum við skrifstofubygginguna. Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 23. júní 2015.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. júlí 2015